

**47. fundur skólanefndar haldinn Bláskógaskóla, Laugarvatni,
miðvikudaginn 11. febrúar 2026, kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Áslaug Alda Þórarinsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, (á Teams), Sólmundur Magnús Sigurðarson boðaði forföll, Harpa Sævarsdóttir, Hildur Hálfðanardóttir, Lieselot Simoen, leikskólastjóri Álfaborg/leikskóladeild Bláskógaskóla, Lára Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri Reykholtsskóla (á Teams), Guðrún Rakel Svandísardóttir, skólastjóri Bláskógaskóla, Guðbjörg Þóra Jónsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara, Borghildur Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla, María Carmen Magnúsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólabarna, Ragnheiður Bjarnadóttir, fulltrúi foreldra leikskólabarna, og Ásta Stefánsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Rýmisþörf leik- og grunnskóla Bláskógabyggðar - 2204023

Umræða um húsnæðismál

Vinna er hafin við hönnun viðbygginga við Reykholtsskóla og Bláskógaskóla og hefur sveitarstjórn skipað starfshóp til að vinna að verkefninu með hönnuði. Fyrstu hugmyndir um rýmisþörf liggja fyrir.

2. Starfsáætlanir leik- og grunnskóla 2025-2026 - 2511062

Starfsáætlanir leik- og grunnskóla

Áætlað er að starfsáætlun Bláskógaskóla verði lögð fram á næsta fundi og hafa þá allar starfsáætlanir verið samþykktar.

3. Úttekt á starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings - 2601025

Skýrsla um úttekt á starfsemi SVÁ.

Skýrslan var lögð fram.

4. Fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings - 2601033

Fundargerð stjórnar SVÁ, tillögu um tímabundna ráðningu forstöðumanns til eins árs vísað til skólanefndar af sveitarstjórn á 403. fundi til umsagnar.

Stjórn SVÁ leggur til að ráðinn verði forstöðumaður til eins árs. Skólanefnd hefur kynnt sér efni skýrslu um úttekt á Skóla- og velferðarþjónustunni, tillagan er í samræmi við sviðsmynd 1 í skýrslunni. Umræða varð um málið. Skólanefnd samþykkir samhljóða að leggja til við sveitarstjórn að tillaga stjórnar SVÁ verði samþykkt.

5. Bláskógaskóli Laugarvatni, fyrirkomulag stjórnunar - 2601067

Minnisblað sveitarstjóra um stjórnunarfyrirkomulag. Vísað til skólanefndar af sveitarstjórn á 403. fundi.

Minnisblaðið var lagt fram. Umræða varð um málið. Almenn ánægja kom fram með stjórnunarfyrrirkomulagið eins og það hefur verið í vetur. Skólanefnd styður það að leikskólar sveitarfélagsins verði reknir saman, ss leikskóli með tvær starfsstöðvar undir stjórn leikskólastjóra. Aðstoðarleikskólastjórar verði á báðum stöðum og í Bláskógaskóla (grunnskóla) verði skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Rætt var um möguleikann á að gera þetta tímabundið til eins til tveggja ára og staðan endurmetin þá og hugnast skólanefnd að sú leið verði skoðuð.

6. Skóladagatal 2025-2026 - 2503022

Breyting á skóladagatali leikskóla (26.06.26) sem samþykkt var af sveitarstjórn á 402. fundi. Til kynningar.

Uppfært skóladagatal var lagt fram til kynningar. Skólanefnd gerir ekki athugasemd við breytinguna.

7. Læsisstefna Bláskógabyggðar - 2602003

Erindi Lieselot M. Simoen, leikskólastjóra, um læsisstefnu Bláskógabyggðar.

Skólanefnd telur rétt að endurskoða læsisstefnu Bláskógabyggðar og leggur til við sveitarstjórn að skipaður verði vinnuhópur til að vinna að verkefninu.

8. Reglur um skólaakstur - 2108013

Skólaakstur á dögum þar sem skólastarf er ekki hefðbundið (smiðjur), til umræðu

Umræða varð um skólaakstursreglur með hliðsjón af dögum þar sem skólastarf er ekki hefðbundið vegna þátttöku nemenda í smiðjum. Skólanefnd leggur til að gert verði ráð fyrir heimakstri á slíkum dögum.

9. Fjárhagsáætlun 2026 og 2027-2029 - 2510002

Fjárhagsáætlun ársins 2026

Sveitarstjóri og skólastjórnendur fóru yfir helstu atriði fjárhagsáætlunar. Ekki er um stórvægilegar breytingar að ræða á milli ára hvað varðar rekstur leik- og grunnskóla. Launaáætlun byggir á samþykktum stöðugildum og kjarasamningsbundnum hækkunum, almennt eru liðir sem snúa að vöru- og þjónustukaupum í áætluninni hækkaðir í samræmi við verðlagsbreytingar, þó er framlag til vörukaupa á leikskóladeild Bláskógaskóla hækkað umfram þau viðmið.

Varðandi húsnæði leik- og grunnskóla er gert ráð fyrir að viðhaldi verði sinnt á árinu, m.a. verði skipt um gólfefni á hluta leikskóladeildar Bláskógaskóla og Reykholtsskóla, og unnið að ýmsu viðhaldi innan húss og utan. Í fjárfestingaáætlun er gert ráð fyrir fjármagni vegna hönnunarkostnaðar í tengslum við áformaða stækkun skólabygginga og breytingar á innra skipulagi.

10. Brúum umönnunarbilið - 2406035

Skýrsla um tímabilið frá lokum fæðingarorlofs til leikskólagöngu

Frestað til næsta fundar.

11. Málstefna Bláskógabyggðar - 2510022

Málstefna Bláskógabyggðar, til kynningar

Málstefna Bláskógabyggðar var lögð fram til kynningar.

12. Farsældarráð á Suðurlandi - 2510025

Stofnun farsældarráðs og skipan fulltrúa, til kynningar.

Lagt fram. Karl Hallgrímsson, Reykholtsskóla, er fulltrúi Bláskógabyggðar og Ragnheiður Hilmarsdóttir, Bláskógaskóla, til vara.

13. Innleiðing nemendagrunns - 2511063

Bréf Menntamálastofnunar til fræðslunefnda vegna nemendagrunns.

Lagt fram til kynningar.

14. Stöðumat leikskólinn Álfaborg - 2602005

Minnisblað, dags. 5. febrúar sl, um stöðumat

Minnisblaðið var lagt fram, en það er unnið af Hrafnhildi Karlsdóttur, sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi í leik- og grunnskólum. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa mjög góða yfirsýn yfir alla þætti leikskólastarfsins. Þær eru meðvitaðar um styrkleika skólans og hvaða þættir starfsins eru viðkæmir og þarfnast sérstakrar aðgæslu og stuðnings. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri vinna þétt saman og hafa skipt með sér verkefnum.

Styrkur leikskólans felst í góðu starfsfólki sem hefur margt hvert langan starfsaldur í leikskólanum og þekkir því vel til skólastarfsins, stefnu og vinnubragða. Þá er stærstur hluti starfsfólks í 100% starfi sem skapar mikinn stöðugleika og festu í starfi með börnunum.

Við lestur niðurstöðu starfsmannakönnunar sést að almenn ánægja ríkir í starfsmannahópnum, helst er óskað eftir fleiri starfsmannasamtölum og meiri símenntun.

Það felst mikil áskorun í að halda uppi faglegu starfi þar sem skortur er á leikskólakennurum og starfsfólki með aðra uppeldismenntun. Þeirri áskorun er mætt eins vel og kostur er með skýrri stefnu og góðum áætlunum og leiðum sem skólastjórnendur og starfsfólk hafa unnið í sameiningu og þekkja því vel. Þá eru reglubundnir deildarstjórafundir, starfsmannafundir og deildarfundir þar sem farið er yfir það sem hæst ber hverju sinni. Stjórnendahópurinn er í mjög góðu daglegu samstarfi.

Í áhorfi undirritaðrar sást að kennarar og starfsfólk þekkja námskrá og starfsáætlun vel og andblær hennar sést í leikskólastarfinu.

Með stækkandi barnahópi hefur þrengt að húsnæði leikskólans. Því hefur verið mætt með því að byggja tvö herbergi við leikskólann. Annað þeirra hefur þegar verið tekið í notkun, hitt verður tilbúið á næstunni og verða herbergin mjög til bóta.

Rætt var um hvað gera megi til að hækka hlutfall faglærðra starfsmanna í leikskólum. Á síðustu misserum hefur þeim fjölgað nokkuð og nokkrir starfsmenn eru í námi, en sveitarfélagið styður við starfsfólk vilji það leita sér menntunar á sviðinu. Þá eru greiddar viðbótargreiðslur ofan á laun til faglærðra starfsmanna. Einnig hefur verið leitast við að bæta starfsumhverfi og minnka álag á leikskólum m.a. með lokunum í kringum jól og áramót, með skráningu eftir kl 14 á föstudögum og með skráningardögum og því að bjóða heimgreiðslur til foreldra yngstu leikskólabarna. Fram kom að húsnæðismál starfsmanna skipti einnig máli í þessu sambandi.

Fundi slitið kl. 17:30.

Áslaug Alda Þórarinsdóttir

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

Harpa Sævarsdóttir

Hildur Hálfðanardóttir

Lieselot Simoen,

Lára Bergljót Jónsdóttir,

Guðrún Rakel Svandísardóttir,

Guðbjörg Þóra Jónsdóttir,

Ragnheiður Bjarnadóttir,

Borghildur Guðmundsdóttir,

María Carmen Magnúsdóttir,

Ásta Stefánsdóttir

Undirritunarsíða

Ásta Stefánsdóttir

Áslaug Alda Þórarinsdóttir

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

Harpa Sævarsdóttir

Hildur Hálfðanardóttir

Lieselot Michele Maria Simoen

Lára Bergljót Jónsdóttir

Guðrún Rakel Svandísardóttir

Guðbjörg Þóra Jónsdóttir

Borghildur Guðmundsdóttir

Undirritunarsíða

María Carmen Magnúsdóttir

Ragnheiður Bjarnadóttir